

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 15. desember 2009 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-85/2009:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 22. október sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á myndavél hjá Y í Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurlflugvelli. Álitsbeiðandi segir myndavélina vera gallaða og vill fá nýja myndavél í staðinn.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 23. október sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau 2. nóvember. Með bréfi, dags. 4. nóvember, var álitsbeiðanda gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær 9. nóvember. Með bréfi, dags. 11. nóvember sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni segist álitsbeiðandi hafa keypt myndavélina fyrir dóttur sína í verslun Y í Leifstöld en þau hafi verið á leiðinni til Danmerkur. Samkvæmt greiðsluseðli, dags. 7. júní sl., er um að ræða myndavél af gerðinni A. Myndavélin kostaði kr. 39.999. Einnig keypti álitsbeiðandi sérstaklega myndkort í vélinu sem kostaði kr. 2.399. Álitsbeiðandi segir afgreiðslumann í versluninni hafa sagt sér að hlaða rafhlöðuna í myndavélinni í fjóra tíma fyrir notkun og hefði það verið gert samviskusamlega. Myndavélin hafi ekki virkað þegar átt hafi að nota hana. Álitsbeiðandi kveðst þegar hafa haft samband við Y á Íslandi og sér verið sagt að hann yrði að hafa samband við Y í Leifstöld þegar heim kæmi. Það hafi hann gert en sér verið sagt þar að ekkert væri hægt að gera, hann yrði að fá nýja myndavél í Y í Kópavogi. Þar hafi hann mætt og verið vísað til verslunarstjórans en hitt mann sem hefði verið að leysa hann af. Sá maður hefði farið með myndavélina afsíðis komið síðan aftur og sagt að hann yrði að fara með myndavélina í viðgerð. Álitsbeiðandi kveðst ekki hafa verið sammála því en þá verið sagt að ekkert væri hægt að gera fyrir hann. Hann hafi síðan farið með myndavélina til fyrirtækisins B og þar hafi sér verið sagt að málið yrði skoðað. Niðurstaðan úr þeirri skoðun hafi verið sú að móðurborðið í myndavélinni væri ónýtt og að vélin væri notuð, hún væri rispuð og ló úr fötum komin í hana. Álitsbeiðandi kveðst hafa sagt að það gæti engan veginn staðist því að vélin væri ný og ónotuð og hefði aldrei kveikt á sér. Viðgerðarmaðurinn hefði viljað fá kortið sem keypt hafi verið um leið og myndavélin og sagt að hann gæti ekki lesið út úr vélinni nema hann fengi þetta kort. Kortið hefði hvergi fundist eftir allan þvælinginn en það hefði aldrei verið sett í vélinu.

IV

Andsvör seljanda

Andsvör seljanda eru svohljóðandi:

„Við erum með álit frá B þar sem segir að móðurborðið sé ónýtt vegna höggs. Einnig að það skuli finnast ló inn í vélinni bendir til að hún hafi verið geymd í vasa eða öðru þar sem hún kemst í kast við núning af efni. Vélin er keypt af nýherja/sense og sá tími sem líður frá því að hún er tekin inn í sölu hjá okkur í fríhöfn og tíminn sem hún fer út til dóttur X eru 6 dagar. Á þessum tíma er hún geymd í umbúðum sem hún kemur í frá verksmiðjunni, sem stuðlar að því að vernda vélina gegn hnjaski. X gat heldur ekki skaffað minnskortið sem fylgdi með til að athuga hvort nokkur mynd hafi verið tekin á vélina (samkv. B). Það er alls ekki hagur í því að firra okkur ábyrgð í málum sem þessum en við verðum að taka mark á sérþjálfuðum viðgerðarmönnum sem eiga að vera með þekkingu á vélbúnaði sem þeir gera við. Þeir segja ekki í ábyrgð vegna utanaðkomandi hnjasks.“

V

Athugasemdir álitsbeiðanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda kemur ekki annað fram en ábending um það að minnskort í myndavélina hefði ekki fylgt með í kaupunum heldur verið keypt sérstaklega.

VI

Skoðun kærunefndarinnar á myndavélinni

Kærunefndin fékk myndavélina til skoðunar. Augljós rispa er á neðra hægra horni myndavélarinnar og hefur liturinn sorfist þar af og nokkurt far er inn í efnið og er þessi skemmd augljós. Formaður kærunefndarinnar hafði samband við álitsbeiðanda og spurðist fyrir um það hvort hann hefði ekki tekið eftir þessari ákomu á myndavélinni og sagði hann svo ekki vera. Á hluta krómhrings sem er á framhlið myndavélarinnar umhverfis linsuopið sjást grunnar rispur eins og vélin hafi orðið þar fyrir núningi af einhverju. Í myndavélinni var ekki batterí þegar kærunefndin fékk hana til skoðunar. Álitsbeiðandi kom með það síðar og var það sett í. Ekki kviknaði á myndavélinni.

Formaður kærunefndarinnar hafði samband við B og sagði hann að þær rispur sem að framan er lýst hefðu verið á myndavélinni þegar hann fékk hana til skoðunar. Þegar fyrirtækið fengi myndavélar til skoðunar tæki það hvorki við batterí eða myndkorti heldur væri það áfram í vörslum þess sem kæmi með viðkomandi vél. Í þetta skipti hefði hann hins vegar beðið um að fá myndkortið í hendur til þess að ganga úr skugga um það hvort myndir hefðu verið teknar á vélina eða ekki en álitsbeiðandi hafi sagt það glatað. B sagðist hafa tekið vélina í sundur og hafi þá komið í ljós að ló hafi verið innan við linsuhringinn sem benti til þess að vélin hefði verið höfð í vasa eða komist í snertingu við eitthvert efni. Við mælingar á móðurborðinu hafi komið í ljós að það væri ónýtt. Um það hefði hins vegar verið skipt álitsbeiðanda að kostnaðarlausu ef engir áverkar hefðu sést á myndavélinni. Af áverkunum sé ekki hægt að draga aðra ályktun en þá að á myndavélina hefði komið högg með þeim afleiðingum að móðurborðið hefði ónýst.

Kærunefndin fékk í hendur það skriflega álit B sem vísað er til í andsvörum seljanda og það sem þar stendur kemur heim og saman við þá frásögn sem að framan er rakin.

VII

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Kærunefndin telur ljóst að eitthvað það er að myndavélinni sem gerir það að verkum að hún verður ekki notuð óviðgerð og dregur ekki í efa að rétt sé að móðurborðið sé ónýtt. Á framhlið myndavélarinnar eru sjáanlegir áverkar eins og að framan er lýst og áverkinn á horni myndavélarinnar er svo augljós að hann getur ekki dulist neinum. Að vísu er ekki upplýst hvort myndavélin var tekin upp úr umbúðum þegar kaupin fóru fram en áverkinn hefði þá átt að verða álitsbeiðanda sjáanlegur strax og það var gert. Álitsbeiðandi kvartar hins vegar ekki út af þessum áverka sem galla, heldur því að ekki hafi kviknað á myndavélinni enda þótt batteríð hafi verið hlaðið. Þegar formaður kærunefndarinnar ræddi við álitsbeiðanda í síma og færði þennan áverka á vélinni í tal var ekki hægt að skilja hann öðru vísi en svo að það væri fyrst þá sem hann fengi að vita um áverkann. Því miður hefur álitsbeiðandi ekki getað framvísað myndkortinu sem hann keypti um leið og myndavélina og því ekki hægt að ganga úr skugga um hvort það hefur verið notað í vélinni eða ekki.

Samkvæmt 26. gr. laga nr. 48/2003 á neytandi rétt á ákveðnum úrbættum frá seljanda, s.s. nýrrar afhendingar, reynist söluhlutur gallaður og gallinn er hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða. Kærunefndin álitur, eins og hér hagar til og að framan er lýst, að líkur séu á því að það hnjask sem myndavélin hefur sýnilega orðið fyrir hafi leitt til skemmdanna í móðurborðinu og að myndavélin hafi orðið fyrir þessu hnjaski í meðförum álitsbeiðanda. Ósannað sé að móðurborðið hafi verið ónýtt frá upphafi. Þessar líkur telur kærunefndin svo verulegar að á þeim verði hún að byggja niðurstöðu sína. Kærunefndin álitur því að ekki séu forsendur til þess að fallast á kröfu álitsbeiðanda um það að seljandi leggi honum til nýja myndavél. Hér verður og að hafa í huga hina almennu reglu í skaðabótarétti að sá sem gerir kröfu um bætur fyrir tjón verður að leiða í ljós að sá sem bótakröfu er beint gegn eigi sök á tjóninu.

VIII

Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir